



September 2022

á íslensku

Hvar sem tveir eða þrír eru saman komnir í mínu nafni, þar er ég mitt á meðal þeirra.

(Mt 18,20)

Kontakt: Meinolf Wacker
Kirchplatz 7
59174 Kamen

Mobil.: +49-172-5638432
Mail: meinolf.wacker@go4peace.eu
Homepage www.go4peace.eu

“1+1 = 3“

Kæru vinir go4peace,

hann vildi vera hjá þeim – að eilífu. Hann vissi að án hans voru þeir glataðir. En eins og sérhver manneskja er aðeins á jörðinni í takmarkaðan tíma, þannig var það með Jesú. Hann myndi deyja. Hann var kominn frá Guði sem er kærleikur og hann myndi líka snúa aftur til Guðs. Hann myndi fara og samt yrði hann áfram. Hann vildi „opinbera“ þetta leyndarmál fyrir vinum sínum.

Kvöldið áður en hann dó hafði hann sýnt þeim hvað raunveruleg ást er. Hann hafði þvegið fætur þeirra og verið með því fordæmi um þjónandi kærleika. Hann hafði boðið þeim að fylgja þessu fordæmi og mæta hvert öðru í þessum kærleika. Í þessu fólst lykillinn að leyndardómi nærveru Guðs. Alls staðar í heiminum þar sem fólk gefur hvert öðru þennan kærleika, þar er SÁ sem er kærleikur mitt á meðal þeirra. Hann er þá nærverandi en hulinn og gefur ljós og skýrleika sem ekki var til staðar áður, gleði sem umbreytir hjörtunum, og frið sem er fyrirboði eilífðarinnar. Hvar sem fólk er samankomið í sönnum kærleika sem fórnar sjálfum sér – í nafni Guðs – er HANN nærverandi. Þetta gildir því: $1 + 1 = 3$. Þú og ég með HANN mitt á meðal okkar.

Tomáš segir: „Ég hafði miklar áhyggjur af sál minni. Ég hafði gert eitthvað rangt og var svo einn með það. Sektarkenndin gerir mann alltaf einmana. Það var mjög erfitt fyrir mig að tala um það og segja frá þessu. Að lokum kom andartakið þegar ég skildi þetta: Ég vil segja vini mínum frá þessu af kærleika. Ég vil líka trúna honum fyrir mínum dökku hliðum. Svo ég skrifaði langan tölvupóst og leyfði honum að líta djúpt inn í sál mína. Ég beið dálítið áhyggjufullur eftir svári hans. Það kom fljótt. Hann sýndi mér alla umhyggju sína og ást. Og hann hringdi í mig. Við töluðum lengi saman. Þar með var málinu samt ekki lokið. En með hverri mínútu sem leið fann ég að sál mín fylltist af djúpri gleði og friði. Ég skynjaði að Jesús var þarna viðstaddur. Ég skildi að við vorum þrír saman, vinurinn og ég og Jesús sem ekki sást: $1 + 1 = 3$.

fyrir go4peace liðið

Meinolf Wacker